



Hempels þakgrunnur

Vörunr. 1387

Lýsing

Hempels Þakgrunnur (1387) er einþátta og fljóþornandi epoxýester ryðvarnargrunnur. Grunnurinn inniheldur m.a. sinkfosfat sem ryðvarnarefni, en er laus við blý- og krómatsambönd.

Notkun

Hempels Þakgrunnur (1387) er til notkunar sem grunnur á vel hreinsað járn, stál og steinsteypu utan- og innanhúss við meðalerfiðar aðstæður. Grunnurinn hentar ekki ofan á ólífrænar sinkríkar málningar. Hann gengur undir mörg málningarefni sem gerir það að verkum að menn komast af með færri grunna. Það er einnig hægt að nota hann sem grunn á steinsteypu.

Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|--|
| Litir: Grár (1217) og rauður (5132) | Purrefni: 42 % (rúmmál) |
| Gljástig: Matt | Þynnir: Þynnir nr. 0808 |
| Pakkningar: 5 og 20 lítra | Áhaldahreinsir: Þynnir nr. 0808 |
| Efnisnotkun: 8,2 m ² /l - 50 µm þurrfilma | Þurrktími: 2 klst |
| Eðlisþyngd: 1,4 kg/l | |

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega fyrir Hempels Þakgrunn (1387).

Yfirmálun

Hempalin, Hempatex, Hjörvi og Hemukrýl (5810).

| Yfirmálunartími: | Lágmark | Hámark |
|---------------------|---------|---------|
| Hempalin | 2 klst | 3 dagar |
| Hempatex | 6 klst | Ekkert |
| Hjörvi eða Hemukrýl | 6 klst | 1 vika |

Einnig er hægt að mála yfir með vínýl, epoxý eða pólýúreþan málningarefnum, en áður en farið er út í slíkar framkvæmdir er mikilvægt að fá ráðleggingar frá starfsmönnum Slippfélagsins.

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Við loftlausa sprautun má þynna grunninn mest 5 %, en ef notaður er pensill eða loftsprauta má þynna grunninn að hámarki 10 %. Hreinsið áhöld með þynni nr. 0808 strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Stál: Fita og olía eru fjarlægð með Hempel olíuhreinsi (9933). Skolið vel og fjarlægið ryk, sölt, og önnur óhreinindi með háþrýstipvotti. Sandblástur í Sa 2½. Notið viðeigandi smíðagrunn ef þörf krefur. Skemmdir á smíðagrunni skulu lagfærðar. Flöturinn verður að vera hreinn og þurr fyrir málun. Málaðar 1-2 umferðir með **Hempels Þakgrunni** (1387).

Léttmálmar: Fita og olía eru fjarlægð með Hempel olíuhreinsi (9933). Skolið vel og fjarlægið ryk, sölt, og önnur óhreinindi með háþrýstipvotti. Flöturinn verður að vera hreinn og þurr fyrir málun. Mattið flötinn eins og unnt er til að fá sem besta viðloðun og grunnið með **Hempels Þakgrunni** (1387).

Endurmálun


Fjarlægið olíu og fitu með olíuhreinsum. Skolið og fjarlægið sölt og önnur óhreinindi með ferskvatni (helst háþrýstipvotti). Fjarlægið ryð, lausa málningu og þess háttar með sandblæstri eða handverkfærum. Notið síðan **Hempels Þakgrunn** (1387) til viðhalds og viðgerða.

Athugasemdir

- Í mjög menguðu umhverfi er ráðlegt að háþrýstipvo flötinn til þess að fjarlægja sölt og önnur óhreinindi og leyfa honum síðan að þorna fyrir málun.
- Sé farið yfir háþörk varðandi endurmálunartíma, er nauðsynlegt að slípa yfir flötinn fyrir málun, til þess að tryggja viðloðun.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur xylen.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Varist snertingu við húð og augu. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.